

# AUGLÝSING

## um deiliskipulag á Hveravöllum, Svínavatnshreppi.

Á grundvelli úrskurðar úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála er deiliskipulag fyrir Hveravelli í Svínavatnshreppi, sem auglýst var í B-deild Stjórnartíðinda hinn 20. nóvember 1998, hér með fellt úr gildi.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

*Svínavatnshreppi, 26. janúar 2000.*

**Jóhann Guðmundsson** oddviti Svínavatnshrepps.

# REGLUR

## um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana í A-hluta ríkissjóðs.

### 1. gr.

Ríkisstofnunum í A-hluta er heimilt að halda reikninga í bönkum og sparisjóðum til að sinna daglegum greiðslum, sbr. takmarkanir í 2. gr. Fjármálaráðherra getur ákveðið að stofnanir með mikil fjárhagsleg umsvif haldi alla sína viðskiptareikninga í Seðlabanka Íslands.

Ríkisstofnunum er ekki heimilt að fjármagna rekstur sinn með yfirdrætti á banka-reikningi.

### 2. gr.

Ríkisstofnanir sem hafa reikning í banka eða sparisjóði skulu endurgreiða til ríkissjóðs fyrir lok hvers mánaðar það fé er fer umfram 2% af heildarrekstrarfé ársins. Fjármálaráðherra getur þó sett önnur viðmiðunarmörk en hér greinir gagnvart einstökum stofnunum.

### 3. gr.

Ríkisstofnanir hafa heimild til að nýta sér greiðslufrest í allt að 90 daga vegna kaupa á vöru og þjónustu, enda séu kaupin innan marka fjárheimilda.

### 4. gr.

Ríkisstofnunum er heimilt að veita greiðslufrest vegna sölu á vöru og þjónustu. Sá greiðslufrestur skal að jafnaði vera 30 dagar og aldrei lengri en 90 dagar. Reikna skal dráttarvexti ef greiðsla hefur ekki borist á eindaga.

### 5. gr.

Leita ber skriflegra heimilda fjármálaráðuneytis og viðkomandi ráðuneytis fyrir öllum skuldbindingum til lengri tíma en 90 daga. Allar skuldbindingar með lengri greiðslufrest en 90 daga ber að setja upp með formlegum hætti.

### 6. gr.

Ríkisstofnunum er óheimilt að skuldbinda ríkissjóð með samningum um kaupleigu eða fjármögnunarleigu án þess að fyrir liggji heimild í lögum eða samþykki fjármálaráðuneytis og viðkomandi ráðuneytis.

## 7. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 32. og 39. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 28. janúar 2000.*

**Geir H. Haarde.**

*Árni Kolbeinsson.*

3. febrúar 2000

Nr. 84

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Skagafjarðar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 með síðari breytingum hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Skagafjarðar nr. 872, 21. desember 1999, er taki gildi við birtingu:

Gjaldskrá Hitaveitu Skagafjarðar nr. 872, 21. desember 1999, breytist þannig:

## II. KAFLI

## 4. gr.

Við 4. gr. bætist: „Fast gjald hjá þeim notendum sem kaupa heitt vatn eftir hemli skal vera krónur 200,00 pr. mán.“.

## IV. KAFLI

## 8. gr.

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

Fyrir mæla  $\frac{1}{2}$ " -  $\frac{3}{4}$ " kr. 200,00 pr. mán.

*Iðnaðarráðuneytinu, 3. febrúar 2000.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Katrín Jóhannsdóttir.*

1. febrúar 2000

Nr. 85

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Mosfellsbæ.

*Breyting á deiliskipulagi hesthúsahverfis á Varmárbökkum.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi hesthúsahverfis á Varmárbökkum, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 5. janúar 2000.

Breytingin felst í því að afmörkun byggingarreita er breytt.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og við gildistöku þess fellur úr gildi eldri deiliskipulagsuppdráttur samþykktur í bæjarstjórn 30. september 1995 og 25. september 1995 af skipulagi ríkisins.